



# MENNGUN FRÁ SKIPUM

*Reglur um olíu- og sorpmengun frá skipum  
– Leiðbeiningar fyrir áhafnir*

HOLLUSTUVERND RÍKISINS



363.7394  
+ 344.046'343  
Hol

## **MENGUN FRÁ SKIPUM**

*Reglur um olíu- og sorpmengun frá skipum.  
Leiðbeiningar fyrir áhafnir.*

*A smáprint*

HOLLUSTUVERND RÍKISINS

<b>1. MENGUN FRÁ SKIPUM</b> .....	3
<i>Reglur um olíu- og sorpmengun frá skipum</i>	
<b>2. HVERS VEGNA AÐ VERNDA HAFIÐ GEGN MENGUN?</b> .....	4–5
<i>Meginregla 1: Verndum lífríki hafsins, mengum það ekki</i>	
<i>Við eigum mikið undir hafinu</i>	
<i>Verndun hafsins – sameiginlegt markmið okkar allra</i>	
<b>MARPOL 73/78 – samningurinn</b> .....	6–7
<i>MARPOL 73/78 er alþjóðlegur samningur um mengunarvarnir skipa</i>	
<i>Skuldbindingar Íslendinga gagnvart MARPOL 73/78</i>	
<b>3. MENGUN AF VÖLDUM OLÍU</b> .....	8
<i>Meginregla 2: Losun olíu í hafið er bönnuð</i>	
<i>Forsendur</i>	
<b>Almennar reglur um meðhöndlun olíu</b> .....	9
<i>Aðgæslu er þörf</i>	
<i>Slippir og þeir aðilar sem selja og dreifa olíu taka við úrgangsolíu</i>	
<b>Alþjóðleg ákvæði um olíumengun í íslenskum reglugerðum</b> .....	10–14
<i>Íslensk reglugerð</i>	
<i>Gildir um öll íslensk skip, hvar sem er</i>	
<i>Lögbundinn olíumengunarvarnabúnaður</i>	
<i>Viðbragðsáætlun vegna olíumengunaróhappa</i>	
<b>Íslensk sérákvæði fyrir minni skip og báta</b> .....	15
<i>Austursskiljur og söfnunargeymar</i>	
<i>Aukaskoðanir</i>	
<i>Móttaka á olíuúrgangi</i>	
<i>Önnur atriði</i>	
<b>4. MENGUN AF VÖLDUM SORPS</b> .....	16–20
<i>Meginregla: 3 Aldrei má losa þrávirk gerviefni eða veiðarfæraúrgang í hafið</i>	
<i>Forsendur</i>	
<b>Almennt um meðhöndlun sorps</b>	
<i>Hvað er sorp</i>	
<b>Alþjóðleg ákvæði um meðferð sorps</b>	
<i>Íslensk reglugerð</i>	
<i>Lögbundinn búnaður vegna sorps.</i>	
<i>Veggspjöld</i>	
<i>Áætlun um meðhöndlun sorps</i>	
<i>Sorpdagbók</i>	
<i>Móttökustöðvar/kvittanir</i>	
<b>5. TILKYNNINGAR UM ÓHÖPP</b> .....	21
<i>Tilkynningarskylda og skýrslugerð</i>	
<b>6. LÖG OG REGLUGERÐIR</b> .....	22

# MENGUN FRÁ SKIPUM

*Reglur um olíu- og sorpmengun frá skipum.  
Leiðbeiningar fyrir áhafnir.*

**Lög og reglugerðir sem ná til allra skipa, báta og fljótandi fara**

*Hafið er ein mikilvægasta auðlind okkar Íslendinga og því mikils um vert að mengun þess sé sem minnst. Í þessum hluta er gerð grein fyrir nokkrum áhersluatriðum í sambandi við varnir gegn mengun frá skipum.*

*Stuðst er við lög um VARNIR GEGN MENGUN SJÁVAR nr. 32/1986 og reglugerðir um VARNIR GEGN MENGUN SJÁVAR FRÁ SKIPUM nr. 715/1995 og um VARNIR GEGN SORPMENGUN FRÁ SKIPUM nr. 107/1998. Þessar reglugerðir eru byggðar á alþjóðlegum samningi um varnir gegn mengun sjávar frá skipum. Samningurinn kallast MARPOL 73/78 og nær til allra skipa, báta og annarra fljótandi fara.*

**Alþjóðasamningurinn  
MARPOL 73/78 er  
grundvöllur að  
íslenskum reglum um  
varnir gegn mengun  
sjávar frá skipum.**

## HLUTI 2

# HVERS VEGNA AÐ VERNDA HAFIÐ GEGN MENGUN

*Meginregla 1: VERNDUM LÍFRÍKI HAFSINS  
– MENGUM ÞAÐ EKKI.*

### ***Við eigum mikið undir hafinu***


*Allir Íslendingar þekkja mikilvægi hafsins og hversu áriðandi er að halda því hreinu. Áhrif mengunar á hafið eru margþætt og ekki síst háð eiginleikum þeirra efna eða hluta sem menga, svo og aðstæðum á mengunarstað, veðri og árstíma.*

*Skaðleg áhrif olíumengunar eru einkum olíusmitaðar fjörur og hafnar-mannvirki, svo og olíublautir fuglar sem alla jafna drepast vegna mengunar-innar. Þess utan geta eituráhrif frá olíumengun valdið verulegum skaða á lífríki og dregið úr útivistargildi stranda og hindrað möguleika á nýtingu auðlinda hafsins.*

*Rusl í fjörum er afar hvítleitt og rýrir slík mengun útivistargildi þeirra og aðra nýtingu. Hvert og eitt þessara atriða er næg ástæða þess að koma í veg fyrir, eins og kostur er, að olía, sorp eða nokkur önnur mengun fari í hafið.*

**Olía og rusl eru helstu  
mengunarefni sem  
koma frá skipum.  
Það gilda strangar  
reglur um losun slíkra  
efna í hafið.**


## Uppruni olíu sem lendir í sjó



### Helstu uppsprettur:

- Afrennsli frá landi 50%
- Skip 24%
- Andrúmsloft 13%
- Náttúrulegt aðstreymi 11%
- Olíuvinnsla í hafi 2%

## Olía frá skipum



**Skýringarmynd 1:** Uppruni olíu sem lendir í sjónum (GESAMP-skýrsla nr. 19, 1993; a) öll olía sem berst til sjávar. b) olía frá skipum, birgðastöðvum við sjó, og slippum.

### Helstu uppsprettur:

- Almenn skip 44%
- Olíuskip 28%
- Óhöpp olíuskipa 20%
- Birgðastöðvar 5%
- Niðurrif skipa 1%
- Vinna í þurrkvi 1%
- Óhöpp almenn skip 1%

## Verndun hafsins – sameiginlegt markmið allra

Talið er að um 2,35 milljónir tonna af olíu berist til sjávar um heim allan á hverju ári, og þar af koma um 570 þúsund tonn frá skipum. Almennigur hefur oft á tilfinningunni að stærsti hluti olíumengunar í hafinu stafi af óhöppum hjá stórum olíuskipum. Það kemur því sjálfsgagt mörgum á óvart að um 253 þúsund tonn af olíu berast að meðaltali árlega í hafið frá skipum í venjulegum rekstri, sem er mun meira en þau 114 þúsund tonn sem að meðaltali fara árlega í hafið frá olíuskipum sem lenda í óhöppum. Sannast þar hið fornkveðna að **margt smátt gerir eitt stórt**, og ætti þessi vitneskja að vera öllum sjómönnum, sem og öllum þeim sem með þessi efni fara, hvatning til að ganga enn betur um hafið en þeir gera.

Ekki er til áreiðanleg úttekt á magni sorps sem fer í sjóinn frá skipum en rusl á fjörum ber ótvírátt vitni um að víða sé þar pottur brotinn.

Til að ná tökum á vandanum er þörf á samræmdum alþjóðlegum aðgerðum með það að markmiði að koma í veg fyrir losun olíu og annarra mengandi efna í sjó, hvar sem er í heiminum.

Það ætti því að vera sameiginlegt markmið okkar allra að koma í veg fyrir olíulosun í hafið, hvar sem er í heiminum.

Margt smátt gerir eitt stórt. Olíumengun frá skipum í venjulegum rekstri er mun meiri en sú mengun sem berst í hafið í stóróhöppum.

# MARPOL 73/78 - SAMNINGURINN

*Alþjóðlegur samningur um varnir  
gegn mengun sjávar frá skipum*

## **Samstilltar aðgerðir um allan heim auka líkurnar á árangri**

*Það var almennt viðurkennt undir lok seinni heimstyrjaldar að við vaxandi mengun frá skipum yrði ekki ráðið nema með samstilltum aðgerðum sem næðu yfir heim allan.*

*Fyrsti alþjóðlegi samningurinn var OILPOL sem lokið var við árið 1954. Nærri tveimur áratugum síðar var ráðist í gerð annars alþjóðlegs samnings um varnir gegn mengun sjávar frá skipum, hins svokallaða MARPOL 73/78. Samningurinn er frá 1973 en mikilsverðar viðbætur voru gerðar við hann árið 1978.*

**MARPOL 73/78 nær til allra skipa, báta og annarra fljótandi fara.**

**Samningur þessi er svokallaður rammisamningur sem í eru almenn ákvæði og honum fylgja sex viðaukar um mismunandi atriði er snúa að rekstri skipa.**


**MARPOL 73/78  
nær til allra skipa og  
fljótandi fara.  
Naðsynlegt er að  
skipstjórnarmenn kynni  
sér ítarlega helstu  
atriðin sem snúa að  
daglegum rekstri  
skipsins.**

## **Viðaukar samningsins eru:**

<b>Viðauki I</b>	<b>Varnir gegn olíumengun frá skipum</b>
<b>Viðauki II</b>	<b>Varnir gegn mengun frá varningi sem fluttur er í lausu</b>
<b>Viðauki III</b>	<b>Varnir gegn mengun frá varningi sem fluttur eru í pökkuðu formi</b>
<b>Viðauki IV</b>	<b>Varnir gegn skólpmengun frá skipum</b>
<b>Viðauki V</b>	<b>Varnir gegn sorpmengun frá skipum</b>
<b>Viðauki VI</b>	<b>Varnir gegn loftmengun frá skipum</b>



**Helstu siglingaleiðir tankskipa til og frá Íslandi:** Um 550.000 tonn af olíu eru flutt um hrygningarstöðvar þorsks fyrir vestan land.



Alþjóðasamningar eru yfirleitt þannig úr garði gerðir að þeir taka fyrst gildi þegar tiltekinn fjöldi ríkja hefur staðfest þá með formlegum hætti. Viðauki VI um loftmengun frá skipum var samþykktur haustið 1997, og munu því líða nokkur ár þar til hann verður bindandi fyrir þjóðir heims.

### **Skuldbindingar Íslendinga gagnvart MARPOL 73/78**

Íslensk stjórnvöld hafa staðfest viðauka I, II, III, og V, og því skuldbundið sig til að framfylgja þeim þar sem íslensk lög gilda. Viðauki IV, um varnir gegn mengun hafsins vegna skólpmengunar frá skipum, gerir kröfu til þess að skip sem eru yfir 200 brúttótonn geti skilað skólpi á land þegar þau koma til hafnar. Enn sem komið er hafa íslensk stjórnvöld ekki talið sér fært að staðfesta þennan viðauka vegna þess hve úrlausnir í fráveitumálum hér við land hafa verið skammt á veg komnar. Viðauki VI um varnir gegn loftmengun frá skipum er það nýr að enn er verið er að vinna að staðfestingu hans hér á landi.

**Alþjóðlegar reglur gilda**

hér við land um losun

olíu, flutning á

hættulegum farmi og

losun á sorpi.

## HLUTI 3

# MENGUN AF VÖLDUM OLÍU

Meginregla 1: BANNAÐ AÐ LOSA OLÍU Í HAFIÐ

**Losun vökva  
sem inniheldur meira en 15 hím (ppm)  
(15 hluta af milljón) af olíu,  
ER BÖNNUÐ Á HAFSVÆÐINU  
UMHVERFIS ÍSLAND.**


### **Forsendur**

Ekki er raunhæft að framfylgja slíkri meginreglu, nema rými sé til staðar um borð í skipunum til að geyma olíuúrgang og aðstaða sé í landi til móttöku úrgangsins. Í stærri skipum, þar sem mikið leggst til af úrgangsolíu og olíublönduðum vökva, er nauðsynlegt að skilja olíuna frá vatni og sjó með þar til gerðum olíuskiljum og geyma hana í söfnunargeymum þar til komið er í land.

MARPOL 73/78 samningurinn gildir á íslensku hafsvæði og gerir kröfu um hreinsibúnað um borð í olíuskipum sem eru 150 brúttótonn og stærri og öðrum skipum sem eru 400 brúttótonn og stærri. Samningurinn tekur mið af vandkvæðum við uppsetningu búnaðar í gömul skip. Þrátt fyrir að kröfur um mengunarvarnabúnað taki ekki til allra skipa, eiga allir skipstjórnendur, jafnvel þeir sem stýra skipum sem falla ekki undir þessar kröfur, að sjá til þess að olía fari ekki í sjóinn, og skila öllum olíu- og olíublönduðum úrgangi í land. Íslensk sérákvæði hafa verið sett um búnað sem á að vera til staðar í minni skipum og er fjallað um þau síðar í þessari handbók.

Hreinsibúnaður á að vera um borð í olíuskipum sem eru stærri en 150 brúttótonn og öðrum skipum stærri en 400 brúttótonn. Kröfur um búnað eru nokkuð háðar því hvenær skip eru smíðuð.

# Almennar reglur um meðhöndlun olíu



Skýringarmynd 2: Magn úrgangsolíu sem borist hefur til hafna landsins á síðustu árum.

## Aðgæslu er þörf

Flest óhöpp verða þegar verið er að taka olíu um borð í skip. Því skal fara eftir viðurkenndum vinnureglum eða gátlista við olíutöku. Ávallt skal vera til staðar efni sem soga í sig olíu til að hreinsa upp það sem hellist niður. Sérstaka gát skal hafa við eftirfarandi aðgerðir:

1. **Eldsneytis- og smurolíutöku**
2. **Smurolíuskipti**
3. **Skipti eða hreinsun á olíusíum**
4. **Þegar verið er að skilja olíu frá sjó í olíuskiljum**
5. **Dælingu milli geyma**
6. **Vinnu við vökvakerfi**

## Slippir og þeir aðilar sem selja og dreifa olíu taka við úrgangsolíu

Seljendum og dreifingaraðilum olíu er skylt að taka við olíuúrgangi frá skipum og starfsemi í landi. Það á einnig við um slippi, en þeir eiga að hafa aðstöðu til að taka við öllum olíuúrgangi frá skipum sem þangað koma. Eins og fram kemur á skýringarmynd 2 hafa skil á úrgangsolíu verið að aukast.

Skil á úrgangsolíu hafa aukist en sérstaka gát verður að hafa á allri meðhöndlun olíu, einkanlega þegar olía er tekin um borð.

Verulegar breytingar eru fyrirsjáanlegar á söfnun úrgangsolíu með tilkomu nýrra laga um spilliefni og starf spilliefnanefndar.

# Alþjóðleg ákvæði um olíumengun í íslenskum reglugerðum

## Íslensk reglugerð

Reglugerðin um **VARNIR GEGN MENGUN SJÁVAR FRÁ SKIPUM** nr. 715/1995, er sett samkvæmt lögum nr. 32/1986. Hún fylgir Viðauka I í MARPOL 73/78 að mestu og nær til allra skipa, báta og fljótandi fara. Fjallað verður um íslensk sérákvæði síðar í 3. hluta bæklingisins á bls. 15.


## Gildir um öll íslensk skip, hvar sem er.

Reglugerðin gildir innan 200 sjómílna mengunarlögsögu Íslands, sem og um öll íslensk skip utan hennar, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Siglingastofnun Íslands er tilsjónaraðili í umboði Hollustuverndar ríkisins með búnaði og framkvæmd um borð í skipum.

## Lögbundinn mengunarvarnabúnaður

- A. Olíusíubúnaður (austursskilja)
- B. Geymar fyrir olíuleifar
- C. Alþjóðlegt staðlað tengi fyrir dælingu úrgangsolíu í land
- D. Alþjóðlegt olíumengunarvarnaskírteini ásamt fylgiskjali
- E. Olíudagbækur (hlutar 1 og 2)
- F. Viðbragðsáætlun við olíuóhöppum

Reglugerð 715/1995  
fylgir í öllum  
mengindráttum viðauka I  
í MARPOL 73/78.  
Siglingastofnun Íslands er  
tilsjónaraðili í umboði  
Hollustuverndar ríkisins  
með búnaði og  
framkvæmd um borð í  
skipum.



**Skýringarmynd 3:** Ferli við notkun mengunarvarnabúnaðar í vélarúmi.

1: Austursskilja, 2: Austursbrunnur, 3: Söfnunargeymir, 3.1: Áfylling á söfnunargeymi, 4: Vatn fyrir borð (15 ppm), 5: Alþjóðlegt tengi til móttöku í landi.

### A. Olíusíubúnaður (austursskilja)

Öll olíuflutningaskip stærri en 150 brúttótonn og önnur skip, 400 brúttótonn og stærri, eiga að vera með olíusíubúnað (sbr. nr. 1 á mynd 3). Stjórnvöld þurfa að samþykkja búnaðinn og verður hann að vera þannig úr garði gerður að vökvi sem losaður er í sjóinn eftir að hafa farið í gegnum búnaðinn, innihaldi ekki meiri olíu en sem svarar til 15 hluta í milljón (15 ppm).

### B. Geymar fyrir olíuleifar

Öll skip, 400 brúttótonn eða stærri, eiga að vera með einn eða fleiri geyma sem eru nægilega stórir til að taka á móti olíuleifum frá síubúnaði, leifum frá eldsneytisolíu- og smurolíuskilvindum auk leka í vélarúmum. Ennfremur á að vera unnt að hella olíu á söfnunargeymi (nr. 3.1. á mynd 3).

### C. Alþjóðlegt staðaltengi fyrir dælingu frá borði í land

Þau skip sem eiga að hafa úrgangsolíugeyma þurfa einnig að vera með alþjóðlegt staðlað tengi á enda losunarlagnarinnar. Þetta á að gera mönnum kleift að dæla úrgangsolíunni í land hvort sem skip er í heimahöfn eða erlendis (tengið er sýnt nr. 5 á mynd 3). Hér á landi hefur verið heimilað að hafa einnig hraðtengi til hliðar við hið alþjóðlega tengi til að gera losun enn hraðvirkari.

Vökvi sem losaður er í sjóinn á ekki að innihalda meira af olíu en sem svarar til 15 ppm.

## D. Alþjóðlegt olíumengunarvarnaskírteini

Alþjóðlegt olíumengunarvarnaskírteini (IOPP), sem er á íslensku og ensku, er gefið út eftir skoðun og úttekt á mengunarvarnabúnaði í olíuflutningaskipum 150 brúttótonn og stærri og öðrum skipum sem eru 400 brúttótonn og stærri. Í fylgiskjali með skírteininu er greint frá búnaði, stærð og staðsetningu geyma. Siglingastofnun Íslands og aðilar sem starfa í umboði hennar gefa út slík skírteini fyrir íslensk skip og sjá um skoðanir. Þeir hafa eftirlit með þeim atriðum sem MARPOL 73/78-samningurinn kveður á um.

## E. Olíudagbækur

Olíudagbækur eru tvær, HLUTI I og HLUTI II, og er HLUTI I um aðgerðir í vélarúmi og HLUTI II um aðgerðir vegna farms og kjölfestu. Allar færslur eiga að vera á íslensku og ensku.


## Olíudagbók – HLUTI 1

Gildir fyrir olíuflutningaskip stærri en 150 brúttótonn og önnur skip 400 brúttótonn eða stærri og tekur til aðgerða í vélarrúmi. Í olíudagbók, HLUTA I, skal færa eftirfarandi aðgerðir í vélarúmi:


## Olíudagbók – HLUTI 1

Skráning aðgerða í vélarúmi:

1. Við losun á austri fyrir borð, sem safnast hefur fyrir í vélarrúmi eða á annan hátt.
2. Þegar kjölfesta er tekin í eldsneytisgeyma, svo og við hreinsun þeirra.
3. Við losun óhreinnar kjölfestu eða hreinsivatns frá geymum sem tilgreindir eru í 2. lið.
4. Við losun olíuleifa til móttökustöðva í landi eða á annan hátt.
5. Móttaka eldsneytis- og smurolíu.
6. Vegna óhappa eða bilunar
7. Aðrar aðgerðir



Það hefur sýnt sig að eftirlit er nauðsynlegt. Sýnum aðgát og fylgjum settum reglum. Þannig minnkum við hættuna á mengunaróhöppum.



## Olíudagbók – HLUTI II

Sérhvert olíuflutningaskip skal hafa olíudagbók HLUTA II (aðgerðir vegna farms/kjölfestu).

## Olíudagbók – HLUTI II


Skráning aðgerða vegna farms og kjölfestu:

1. Lestun og losun farms
2. Flutning farms milli geyma
3. Kjölfesta tekin í farmgeyma og geyma ætlaða fyrir hreina kjölfestu
4. Hreinsun farmgeyma
5. Vegna óhappa eða bilunar
6. Aðrar aðgerðir



Skráning aðgerða er mikilvæg og auðveldar eftirlit. Allar færslur þurfa að vera á íslensku og ensku.

Dæmi um færslur:



Ástæða	Dagur	Stað	Ástæða	Stað
1	02.08.2017	2	200 t. Av 20. útlagning / útlagning	AV 20. útlagning
		3	AV 20. útlagning	AV 20. útlagning
		4	AV 20. útlagning / útlagning	AV 20. útlagning
		5	AV 20. útlagning	AV 20. útlagning
		6	AV 20. útlagning / útlagning	AV 20. útlagning
		7	AV 20. útlagning	AV 20. útlagning
		8	AV 20. útlagning / útlagning	AV 20. útlagning
		9	AV 20. útlagning	AV 20. útlagning
		10	AV 20. útlagning / útlagning	AV 20. útlagning

**F. Viðbragðsáætlun við olíuóhöppum – hætta á mengun**

Olíuflutningaskip, stærri en 150 brúttótonn og önnur skip stærri en 400 brúttótonn, skulu hafa um borð viðbragðsáætlun vegna olíumengunar. Áætlunin skal útbúin í samræmi við leiðbeiningar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og á að vera á því tungumáli sem skipstjóri og yfirmenn tala sín á milli.

Reglugerð 465/1978 fjallar um verksvið og ábyrgð aðila í landi þegar mengunaróhöpp verða.

**Viðbragðsáætlun um borð í skipum vegna olíumengunaróhappa**

Viðbragðsáætlunin á a.m.k að innihalda eftirfarandi atriði:

- A.** Viðtekna starfshætti sem skipstjóri eða aðrir sem annast stjórn skipsins eiga að framfylgja þegar gefa þarf skýrslu vegna mengunaróhappa.
- B.** Skrá yfir yfirvöld eða aðila sem samband skal haft við þegar olíumengunaróhapp á sér stað eða hætta er á mengun.
- C.** Nákvæma lýsingu á aðgerðum sem menn um borð skulu tafarlaust grípa til í þeim tilgangi að draga úr eða hafa stjórn á losun olíu eftir að óhappið hefur orðið.
- D.** Viðtekna starfshætti og upplýsingar um samskiptastað í skipinu, þaðan sem unnt er að skipuleggja aðgerðir um borð í samvinnu við stjórnvöld og yfirvöld á staðnum til að ráða við mengunina.



Viðbragðsáætlanir tryggja skipulögð vinnubrögð þegar óhapp verður. Nauðsynlegt er að láta yfirvöld vita ef óhapp verður eða hætta er á mengun.

Tilgangur áætlunarinnar er að miðla til skipstjóra og yfirmanna skipa, leiðbeiningum og ábendingum um aðgerðir þegar olíuóhöpp verða, eða hætta er á olíuleikum.



# Tilkynningar um óhöpp

## Mörgt smátt gerir eitt stórt

Það hefur komið úður komið fram að stærsti hluti mengunar sem tengist rekstri skípa kemur frá skípum sem eru í „venjulegum rekstri“. Það eru hin mörgu og líðu smáðhöpp sem eru uppistöðan í magninu. Þegar slík óhöpp, eða önnur stærri verða skiptir miklu að líta viðeigandi stjórnvöld vita svo þau geti brugðist við, telji þau slíkt vera nauðsynlegt.

## Tilkynningarskylda og skýrslugerð

Við eftirfarandi aðstæður skal gefa skýrslu og er það skipstjóri eða sá aðili annar sem ræður

### Skipstjóri eða sá er ræður yfir skipinu skal gefa skýrslu við eftirfarandi aðstæður

- A.** Við losun eða líklega losun á eltrudum efnun í fljótandi formi
- B.** Við losun eða líklega losun skaðlegra efna í þökkudu formi
- C.** Við losun, meðan skipið er í rekstri, á olíu eða eltrudum efnun í fljótandi formi umfram það magn eða augnblikshlutfall sem lög heimila.

Í skýrslunni þurfa eftirfarandi atriði að koma fram:

- A.** Einkenni skípa sem í hlut eiga
- B.** Tímasetning, tegund og staðsetning atburðar
- C.** Magn og tegund skaðlegra efna
- D.** Aðstoð og björgunaráðgerðir

Til að geta brugðist við óhöppum á réttan hátt, þurfa allir hlutabeigandi aðilar að þekkja réttu viðbrögðin og vinna samkvæmt viðbragðsáætlun.

# Íslensk sérákvæði fyrir minni skip og bátar

Í reglugerð nr. 715/95 um varnir gegn mengun sjávar frá skipum eru nokkur séríslensk ákvæði og þessi helst:

## **Austursskiljur og söfnunargeymar**

Skip sem smíðuð eru eftir 31. mars 1996 og eru yfir 24 metrar að lengd, en minni en 400 brúttótonn, skulu búin landtengi, austursskilju og söfnunargeymi.

## **Aukaskoðanir**

Framkvæma á aukaskoðun á mengunarvarnabúnaði árlega og skal skoðunin árituð á IOPP skírteinið. Þrátt fyrir að MARPOL 73/78 krefjist ekki fullgilds mengunarvarnabúnaðar í olíuskipum sem eru minni en 150 brúttótonn og öðrum skipum minni en 400 brúttótonn, þá á samt sem áður að skoða tiltekna þætti í þessum skipum.

## **Móttaka á olíuúrgangi**

Einstaklingum og fyrirtækjum sem annast sölu og dreifingu á olíu er skylt að taka við olíuúrgangi frá skipum og frá starfsemi í landi. Eigendur eða umráðamenn hleðslustöðva fyrir olíuflutningaskip, skulu sjá svo um að stöðvarnar hafi aðstöðu til að taka við olíublandaðri kjölfestu og slíppar eiga að hafa aðstöðu til að taka við olíuúrgangi sem er eftir í skipum þegar þau koma þar inn.

## **Önnur atriði**

Mælst er til að í öllum skipum, sem eru minni en 400 brúttótonn og eru búin skilvindum til að skilja eldsneytis- eða smurolíu, að skilvindurnar séu búnar yfirfallsviðvörðun sem stöðvar olíurensli til skilvindunnar sjálfvirk ef hún kastar yfir. Skipum, sem ekki eru búin samþykktri austursskilju, er óheimilt að losa olíu eða olíukenndar blöndur niður í botn vélarúms.

Íslenskar reglur eru sérsníðnar að okkar aðstæðum og ganga í sumum atriðum heldur lengra en alþjóðlegar reglur.


## HLUTI 4

# MENGUN AF VÖLDUM SORPS

Meginregla: **ALDREI MÁ LOSA ÞRÁVIRK GERVIEFNI  
EÐA VEIÐARFÆRAÚRGANG Í HAFIÐ**

Leiðbeiningar um losun sorps

**Losun þrávirkra gerviefna  
s.s. plastefna, sorppoka úr plasti,  
neta, tóga og togvira  
ER BÖNNUÐ  
Á HAFSVÆÐINU VIÐ ÍSLAND.**




### Forsendur

Til að framfylgja þessari reglu er nauðsynlegt að aðstaða sé til staðar um borð til að geyma sorp og áætlun um hvernig menn ætla að meðöndla það. Einnig þarf að tryggja að móttaka í landi sé fullnægjandi og að því sorpi sem berst í land sé fargað á þar til gerðum stöðum, t.d. opinberum sorpförgunarstöðum. Íslenskum skipum sem eru stærri en 400 brúttótonn og í hverju skipi sem er skráð til að flytja fleiri en 15 menn er skylt að hafa um borð veggspjöld, áætlun um meðferð sorps og sorpdagbók.



# Almennt um meðhöndlun sorps



*Skýringarmynd 4: Magn sorps sem borist hefur til hafna landsins á síðustu árum.*

## **Hvað er sorp?**

Sorp er skilgreint sem hvers konar matarúrgangur, úrgangur frá vistarverum og óvinnsluhæfur rekstrarúrgangur eins og umbúðir. Undanskilið er ferskur fiskur og fiskúrgangur sem til fellur við vinnslu um borð. Öllu sorpi skal farga á viðeigandi hátt og hafnaryfirvöld eiga að sjá til þess að viðunandi aðstaða sé í höfnum til móttöku á sorpi. Þessi aðstaða á að miðast við þarfir þeirra skipa sem koma í viðkomandi höfn.

Þrátt fyrir að alltaf megi gera betur og verulegt rusl sé víða á fjörum, er samt umtalsverðu magni af rusli skilað í land á ári hverju (mynd 4).

Hafnaryfirvöld eiga að sjá til þess að aðstaða sé í höfnum til að taka við sorpi. Aukning í skilum á sorpi til móttöku á landi sýnir jákvæð viðhorf skipstjórnarmanna.

# Alþjóðleg ákvæði um meðferð sorps

## Íslensk reglugerð

Reglugerð um varnir gegn sorpmengun frá skipum nr. 107/1998 er sett samkvæmt lögum nr. 32/1986 og byggir á V. Viðauka MARPOL 73/78 samningsins. Reglugerðin gildir í íslenskri landhelgi og fyrir íslensk skip utan þess svæðis. Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með reglugerðinni eins og öðrum atriðum sem snerta MARPOL 73/78. Siglingastofnun Íslands hefur eftirlit með búnaði skipa sem reglugerðin nær til.

Lögbundinn búnaður vegna sorps:

## Um borð í skipum og bátum skulu vera :

- A. Veggspjöld
- B. Áætlun um meðferð sorps
- C. Sorpdagbók

Einnig þarf að vera til staðar móttaka í landi.

## A. Veggspjöld

Skip sem eru lengri en 12 metrar eiga að vera með veggspjöld sem upplýsa áhöfn og farþega um þær kröfur sem gilda varðandi losun sorps. Veggspjöldin eiga að vera á íslensku, en í skipum sem sigla milli landa skulu þau líka vera á ensku.

Viðauki V í

MARPOL 73/78


gildir hér á landi.

Hann gildir fyrir öll skip í

íslenskri landhelgi og um

íslensk skip utan þess

svæðis.



## B. Áætlun um meðhöndlun sorps

Skip sem eru 400 brúttótonn eða stærra og skip sem eru skráð til að flytja fleiri en 15 menn eiga að hafa áætlun um sorphirðu og mál sem henni tengjast. Áætlunin skal taka á eftirfarandi atriðum:

### Áætlun í sorpmálum

1. Söfnun sorps
2. Geymslu sorps
3. Vinnslu sorps
4. Losun sorps
5. Ábyrgðarmenn um framkvæmd áætlunarinnar

## C. Sorpdagbók

Skip sem eru 400 brúttótonn eða stærri og skip sem er skráð til að flytja fleiri en 15 menn eiga að hafa sorpdagbók. Í sorpdagbókina skal færa samdægurs þegar sorp er tekið úr skipinu til förgunar eða þegar það er brennt með þeim hætti sem leyfilegt er, og á yfirmaður að undirrita hverja færslu. Í færslunni komi eftirfarandi upplýsingar fram:


### Sorpdagbók

1. Dagsetning og tími
2. Staðsetning skipsins
3. Lýsing á sorpi (flokkun)
4. Áætlað magn

Handbók um meðferð sorps



Dæmi um útfyllta sorpdagbók



**KVITTUN VEGNA LOSUNAR SORPS**  
Receipt for garbage discharge

NAFN SKIPS / Ship's name: TYR

Einkennistölur eða bókstafi / Distinctive number or letters: TFGA IMO nr. / IMO No. 358 420

Dagur / tími Date / time	Staðsetning skipa Position of the ship	Áætlað magn þess sem losað var til móttökustöðvar eða til annars skipa (m <sup>3</sup> ) Estimated amount discharged to reception facilities or to other ship (m <sup>3</sup> )	Viðmið / undirskrift Certification / Signature
<u>29.07.98</u>	<u>Rafjarvík</u>	Pl. 1 / Cat. 1 <u>0.3 m<sup>3</sup></u>	<u>Á. M.</u>
		Annar / Other <u>3.9 m<sup>3</sup></u>	

Undirskrift og stimpillögn móttökustöðvar  
Signature and Stamp of reception

**HOLLUSTIÐVERND  
RIKISINS**  
Hafnarvarnarmáttækt

KVITTUN VEGNA LOSUNAR SORPS

**Móttökustöðvar í landi**

Hafnaryfirvöld eiga að tryggja móttöku sorps á hafnarsvæðinu og skal miða við þarfir þeirra skipa sem sækja viðkomandi höfn. Sá aðili sem tekur við sorpi skal kvitta fyrir móttökunni og á kvittunin að sýna eftirfarandi atriði:

## Kvittun fyrir sorpi í landi skal sýna eftirfarandi:

- A. Nafn skips
- B. Einkennistölur eða bókstafi skipa
- C. IMO númer
- D. Dagsetningu móttöku
- E. Móttökustaður
- F. Áætlað magn sorps í rúmmetrum. Greina skal á milli tegunda sorps
- G. Undirskrift stjórnanda móttökustöðvar eða staðgengils hans
- H. Stimpil móttökustöðvar eða móttökuhafnar

Munið að fá kvittun fyrir sorpi sem skilað er til móttökuhafnar. Flokkun sorps um borð er til hagsbóta fyrir alla og einfaldar alla meðhöndlun sorpsins.

## LÖG OG REGLUGERÐIR

*Eftirfarandi lög og reglugerðir gilda um varnir gegn mengun frá skipum og viðbrögð eftir að mengun hefur orðið.*

*Lög nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar ásamt síðari breytingum.*

*Reglugerð nr. 715/1995 um varnir gegn mengun sjávar frá skipum.*

*Reglugerð nr. 107/1998 um varnir gegn soppmengun frá skipum.*

*Reglugerð nr. 465/1998 um viðbrögð við bráðamengun sjávar.*

**NEYÐARSÍMANÚMER  
LANDHELGISGÆSLUNNAR  
5 1 1 2 2 2 2**

---

*Landhelgisgæslan sér um að koma boðum til Hoffustuverndar ríkisins eða  
Siglingastofnunar eftir því sem við á.*





Til minnis



## Reglur um olíu- og sörpmengun frá skipum – Leiðbeiningar fyrir áhafnir

Hafib er ein mikilvægasta auðlind okkar Íslendinga og því mikils um vert að mengun þess sé sem minnst. Í þessum bæklingi er gerð grein fyrir nokkrum áhersluatriðum í sambandi við varnir gegn mengun frá skipum. Stúkst er við reglugerðir um VARNIR GEGN MENGUN SJÁVAR FRÁ SKIPUM nr. 715/1995 og um VARNIR GEGN SÖRPMENGUN FRÁ SKIPUM nr. 107/1998. Þessar reglugerðir eru byggðar á alþjóðlegum samningi um varnir gegn mengun hafsins frá skipum. Samningurinn kallast MARPOL 73/78 og nær til allra skipa, báta og annara fljótaná fara.

### HOLLUSTUVERND RÍKISINS

Ármúla 1a, 108 Reykjavík  
sími 568 8848, fax 568 1896  
Veffang: [www.hollust.is](http://www.hollust.is)  
Netfang: [hvr@hollust.is](mailto:hvr@hollust.is)

Lbs - Hbs / Þjóðeldi *Sein þjóðeldi*



100875796-8

